

Ed.

783. Nefndarálit

[285. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fjórum fundum, þar af voru þrír fundir sameiginlega með nefndum beggja deilda.

Til fundar við nefndina komu ýmsir aðilar, sem veitt hafa margvíslegar upplýsingar.

Ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins komu til fundar við nefndina, einnig fulltrúar frá Ferðamálaráði og vinnuhópi, sem vann að athugun á rekstri Flugleiða hf., framkvæmdastjóri Air Viking, matsnefnd vegna sameiningar flugfélaganna og forstjórar Flugleiða hf.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, með því skilyrði, að áður en ríkisstjórnin lætur heimild frumvarpsins um ríkisábyrgð til Flugleiða hf. undirriti stjórn Flugleiða hf. yfirlýsingu sem prentað er í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar.

Minni hluti nefndarinnar, Ragnar Arnalds, skilar séráliti.

Alþingi, 15. maí 1975.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.

Jón Helgason,
fundaskr.

Albert Guðmundsson.

Axel Jónsson.

Jón G. Sólnes.

Jón Árm. Héðinsson,
með fyrirvara.